

Póstmaður sá, er við bókinni tekur skal rífa umrædd sparimerkjablöð úr bókinni og rita á stofn blaðanna kvittun fyrir móttöku merkjanna. Jafnframt skal hann útfylla vottorðseyðublað á sparimerkjablaðinu, sbr. 3. gr. 3. mgr. og undirrita það. Póstmaður lætur síðan sparimerkjablöðin í þar til gert umslag áritað til póststjórnarinnar og póstleggur það samstundis bókareiganda að kostnaðarlausu.

Vextir af sparifé teljast sparifjáreiganda frá þeim degi, sem sparimerkjablað er póstlagt.

Bréf með sparimerkjum, samkvæmt þessari grein, sendir póststjórnin, jafnóðum og þau berast henni, til Húsnæðismálastofnunar ríkisins.

8. gr.

Sá, sem er undanþeginn skyldusparnaði, getur snúið sér til næsta pósthúss, sem selur sparimerki, einu sinni í mánuði hverjum og fengið þar greidd sparimerki sín.

Eftir að hafa athugað vottorð lögreglustjóra eða hreppstjóra, um undanþágu frá skyldusparnaði, sbr. 6. gr., og talið sparimerki bókareiganda, rífur póstmaður blað það eða blöð úr sparimerkjabókinni, sem eru með álimdum sparimerkjum, sem ekki hafa verið auðkennd, sbr. 6. gr., og greiðir bókareiganda andvirði merkjanna. Síðan ritar hann vottorð sitt um viðtöku merkjanna á stofn eða stofna bókarinnar og útfyllir vottorðseyðublað það á sparimerkjablaði, sem um ræðir í 3. gr. 3. mgr., og undirritar það. Slík sparimerkjablöð skal og yfirstimpla með áletruninni: **Endurgreitt.** Um sparimerkjabókarblöð með álimdum auðkenndum merkjum, fer samkvæmt 7. gr.

Heimilt er póstmanni að synja um greiðslu sparimerkja samkvæmt grein þessari, ef hann telur vera um óeðlilega upphæð sparimerkja að ræða, nema fyrir liggja vottorð hlutaðeigandi skattanefndar um sparimerkjaeignina.

Umrædd greidd sparimerkjablöð skulu síðan send póststjórninni með mánaðarskilagrein, sbr. 10. gr.

9. gr.

Nú hefur blað með álimdum sparimerkjum losnað frá stofni sparimerkjabókar og er þá pósthúsi óheimilt að veita slíku blaði móttöku.

Heimilt er Húsnæðismálastofnun ríkisins að taka gild sparimerki á slíku lausu sparimerkjablaði, ef sönnur eða mjög sterkar líkur eru færðar fyrir því, að blaðið hafi losnað frá stofni gegn vilja bókareiganda.

10. gr.

Póstmenn skulu eigi síðar en 3. dag hvers mánaðar póstleggja skilagrein til póststjórnarinnar um sölu sparimerkja í síðasta mánuði ásamt andvirði merkjanna. Frá andvirði merkjanna skal draga greidd sparimerki, sbr. 8. gr., og skulu umrædd sparimerkjablöð fylgja skilagreininni. Póststjórnin lætur gera eyðublöð fyrir skilagreinar samkvæmt grein þessari.

Frumrit af skrá um afhendingu sparimerkjabóka, sbr. 4. gr., skal fylgja skilagreininni.

11. gr.

Póststjórnin gerir yfirlit um sölu sparimerkja í landinu í hverjum mánuði og skal afhenda það Húsnæðismálastofnun ríkisins eigi síðan en 25. dag næsta mánaðar á eftir. Andvirði seldra merkja svo og sparimerkjablöð greiddra merkja skal fylgja yfirliti þessu, svo og skrár þær um afhendingu sparimerkjabóka, sem um ræðir í 10. gr. 2. mgr.

12. gr.

Húsnæðismálastofnun ríkisins ávaxtar fé það, er henni berst samkvæmt 11. gr., fyrst í stað í Landsbanka Íslands (seðlabankanum), en jafnskjótt og henni berast spari-

116 merkjábref, sbr. 7. gr., skiptir hún fénu eftir því hvar sparimerkjaeigendur eru búsettir. Sparifé þeirra, sem búsettir eru á jörðum, ávaxtast í veðdeild Búnaðarbanka Íslands, en sparifé annarra skal ávaxta í innlánsdeild Byggingarsjóðs ríkisins. Sérhver sparifjäreigandi, samkvæmt reglugerð þessari, fær sérreikning yfir sparifé sitt í annarri hvorri þessara deilda, eftir því hvar hann er búsettur.

13. gr.

Hver sá, sem eignast hefur fé á sérreikningi samkvæmt 12. gr. og hefur náð 26 ára aldri, eða gengur í hjónaband og stofnar heimili, skal eiga þess kost að fá sparifé sitt endurgreitt að viðbættum þeim vöxtum og uppbót vegna vísitöluhækkunar, sem greidd er af vísitölubundnum verðbréfum á innlánsstímanum. Nú andast maður, sem á fé á slíkum sérreikningi og skal þá endurgreiða dánarbúinu spariféð með sama hætti.

Rétt er sparifjäreiganda samkvæmt 1. mgr. að snúa sér til Húsnæðismálastofnunar ríkisins eða Búnaðarbanka Íslands með beiðni um greiðslu sparifjárins, en leggja skal hann fram fæðingarvottorð sitt eða giftingarvottorð. Sé um dánarbú að ræða, má krefjast dánarvottorðs.

Húsnæðismálastofnun ríkisins eða Búnaðarbanki Íslands skulu hlutast til um greiðslu sparifjárins, ef fullnægt er ákvæðum 1. mgr. þessarar greinar.

Enn fremur skulu umræddir sparifjäreigendur að öðru jöfnu sitja fyrir um lán til íbúðabygginga frá Húsnæðismálastofnun ríkisins og mega þau lán vera allt að 25% hærri en almennt gerist um lán Húsnæðismálastofnunarinnar, þó eigi yfir $\frac{2}{3}$ hluta af matsverði viðkomandi íbúðar, enda sé íbúðin og smíði hennar í samræmi við útlánareglur Húsnæðismálastofnunarinnar og samþykkt af henni áður en byggingarframkvæmdir hefjast. Þessi forgangsréttur til lána er þó bundinn því skilyrði, að sparifjársöfnun þeirra, sem að smíði hlutaðeigandi íbúðar standa, nemi að minnsta kosti kr. 25000.00.

Þeir, sem lagt hafa fé í veðdeild Búnaðarbanka Íslands og vilja stofna bú í sveit, skulu njóta hliðstæðrar fyrirgreiðslu um lán til bústofnunar úr deildum Búnaðarbankans, sbr. 4. mgr. þessarar greinar.

Heimilt er Búnaðarbanka Íslands og Húsnæðismálastofnun ríkisins að semja um, að réttindi þessi verð gagnkvæm.

14. gr.

Sérhverjum er heimilt að leggja til hliðar með sparimerkjakaupum hærri hluta launa sinna en 6%, byrja slíkan sparnað yngri en 16 ára og halda honum áfram eftir 26 ára aldur.

Hver sá, sem notar heimild þessa, skal njóta sömu réttinda og heimiluð er samkvæmt 13. gr. reglugerðar þessarar.

15. gr.

Fé það, sem skylt er að spara samkvæmt 1. og 2. gr. þessarar reglugerðar, skal undanþegið tekjuskatti og útsvari.

Fé þetta er einnig skatt- og útsvarsfrjálst sem eign og ekki framtalsskylt. Vextir af fé þessu eru undanþegnir framtalsskyldu til tekju- og eignarskatts og skatt- og útsvarsfrjálsir.

Um fé, sem lagt er til hliðar samkvæmt 14. gr. þessarar reglugerðar, gilda ákvæði 2. mgr. þessarar greinar.

16. gr.

Póststjórnin skal láta hlutaðeigandi skattayfirvaldi í té fyrir 28. febrúar ár hvert upplýsingar um öll sparimerkjakaup á síðastliðnu almanaksári. Upplýsingar þessar skulu vera í því formi, sem skattayfirvöld ákveða. Á skýrslum þessum skulu vera

upplýsingar um nafn sparimerkjakaupanda, heimilisfang hans svo og upphæð þá, sem hann hefur keypt sparimerki fyrir á síðastliðnu ári, sbr. 4. gr. **116**

10. sept.

Samkvæmt þessum gögnum skulu skattanefndir og skattstjórar sannprófa hvort kaupgreiðendur og aðrir, sem skylt er að kaupa sparimerki samkvæmt 2. gr., hafi keypt sparimerki svo sem fyrir er mælt í reglugerð þessari.

17. gr.

Hverjum þeim, sem háður er ákvæðum þessarar reglugerðar um skyldusparnað skal skylt að mæta eða láta mæta hjá skattanefnd eða skattstjóra með sparimerkjabók sína eða senda hana skattayfirvaldi með öðrum hætti, til þess að sannprófað verði hvort hann hefur eignast sparimerki, svo sem vera ber, samkvæmt ákvæðum þessarar reglugerðar.

Skattanefndir og skattstjórar ákveða hvenær hlutaðeigendur skulu mæta, láta mæta eða senda sparimerkjabækur sínar, samkvæmt grein þessari, og skal birta þá ákvörðun með þeim hætti, sem venjulegt er að birta opinberar auglýsingar á hverjum stað.

Sparimerkjabækur, sem berast skattayfirvaldi samkvæmt grein þessari, skal yfirvald endursenda bókaeiganda, honum að kostnaðarlausu, að lokinni sannprófun, samkv. 1. mgr. þessarar greinar.

18. gr.

Nú kemur í ljós, sbr. 16. og 17. gr., að sparimerkjakaup hafa verið vanrækt, og skal þá skattayfirvald úrskurða gjald á hendur þeim, sem sekur er um vanrækslu, sem nema skal allt að þrefaldri þeirri upphæð, sem vanrækt hefur verið að kaupa sparimerki fyrir.

Þeim, sem vanrækir að mæta, láta mæta eða senda sparimerkjabók sína, samkv. 17. gr., án lögmætra forfalla, skal gert að greiða allt að 500 króna gjald.

Skattayfirvöld skulu semja skrár í tvennu lagi yfir gjöld samkvæmt þessari grein og skulu skrár þessar vera tvíritaðar. Annars vegar skal semja skrá yfir gjaldendur, sem ekki eru búsettir á jörðum. Samrit af þeirri skrá skal senda Húsnæðismálastofnun ríkisins og gjöld samkvæmt henni skulu renna í Byggingarsjóð ríkisins. Hins vegar skal semja skrá yfir þá gjaldendur, sem búsettir eru á jörðum. Samrit af þeirri skrá skal sent Búnaðarbanka Íslands og gjöld samkvæmt henni renna til veðdeildar Búnaðarbankans. Hitt eintak skráanna skal afhent innheimtu- mönnum gjaldanna, sbr. 19. gr.

19. gr.

Gjaldskrár samkvæmt 18. grein skulu liggja frammi almenningi til sýnis á sama stað og tíma og skrár um tekju- og eignarskatt. Kæra má til skattanefndar eða skattstjóra út af gjaldi samkvæmt 18. gr. með sama hætti og kæra má út af álögðum tekju- og eignarskatti.

Áfrýja má úrskurði skattayfirvalds til félagsmálaráðherra innan 6 vikna frá því, að hlutaðeigandi gjaldanda var kunnugt um úrskurðinn.

Gjöld samkvæmt 18. gr. falla í gjalddaga á sama tíma og tekju- og eignarskattur og má innheimta þau með lögtaki.

Innheimtu gjalda samkvæmt 18. gr., annast sömu aðilar og þeir, sem annast innheimtu tekju- og eignarskatts.

20. gr.

Allur kostnaður við sparimerki, sparimerkjabækur og framkvæmd skyldusparnaðarins greiðist úr ríkissjóði.

21. gr.

Brot á reglugerð þessari varða sektum allt að kr. 10000.00, nema þyngri refsing liggji við samkvæmt öðrum lögum.

116 Með mál út af brotum á ákvæðum þessarar reglugerðar skal farið að hætti
10. sept. opinberra mála.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 42 1. júní 1957 um húsnæðismálastofnun, byggingarsjóð ríkisins, sparnað til íbúðabygginga, breyting á I. kafla laga nr. 36/1952 o. fl., sbr. lög nr. 45 12. júní 1958 um breyting á þeim lögum, til að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt er úr gildi felld reglugerð nr. 184 27. nóv. 1957, um skyldusparnað og reglugerð nr. 76 9. júní 1958 um breyting á þeirri reglugerð.

Félagsmálaráðuneytið, 10. september 1959.

Friðjón Skarphéðinsson.

Hjálmar Vilhjálmsson.

117
10. sept.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð fyrir Krossvíkurhöfn í Neshreppi utan Ennis,
nr. 161 25. sept. 1942.

1. gr.

15. gr. reglugerðarinnar orðist þannig:
Gjöld fyrir notkun hafnarinnar eru þessi:

A. Bátagjöld.

| | |
|--|-----------------------------|
| Vélbátar um vetrarvertíð frá 1. jan. til 14. maí | kr. 40.00 á hverja rúmlest. |
| Vélbátar um sumarvertíð frá 14. maí til 24. sept. | — 30.00 — — — |
| Vélbátar um haustvertíð frá 24. sept. til 31. des. | — 30.00 — — — |
| Bátur, sem gengur allt árið, greiði | — 90.00 — — — |
| Bátur frá 6—10 rúml. greiði | — 80.00 — — — |
| Bátur frá 10—20 rúml. | — 60.00 — — — |

Fyrir aðkomubáta, allt að 8 rúml. að stærð, sem ekki hafa fast aðsetur, greiðist 8.00 kr. í hvert sinn, er þeir leggjast að bryggju, en fyrir stærri báta 10.00 kr.

Bátur, sem ekki er í notkun og sýnilega verður ekki í notkun heila vertíð, er skyldur að rýma festarhöld, ef hafnarnefnd leggur svo fyrir.

Bátagjöld þessi greiðast, hvort sem bátarnir nota vikina sjálfa eða hið annað hafnarsvæði, sem greinir í fyrstu grein reglugerðar þessarar.

2. gr.

16. gr. reglugerðarinnar orðist þannig:

Af vörum þeim, sem fluttar eru í land eða skipað út í víkinni eða því hafnarsvæði, sem greinir í 1. gr. reglugerðar þessarar, skal greiða gjöld sem hér segir:

1. Af salti, kolum, sementi, útlendum áburði og óverkuðum saltfiski, kr. 10.00 fyrir hverja lest.
2. Af verkuðum saltfiski, frystum fiski og beinamjöli kr. 12.00 á lest.
3. Af nýjum fiski kr. 5.00 fyrir hverja lest.
4. Af heilfötum (olíufötum) kr. 2.00 fyrir stykkið.
5. Af tómum tunnum nr. 1.00 fyrir stykkið.

6. Af trjáviði og öðrum vörum, sem reiknast eftir rúmmáli, kr. 0.35 af hverju teningsfeti. **117**
7. Af öllum öðrum vörum kr. 1.40 fyrir hver 100 kg. Póstur og farþegaflutningur er undanþeginn í gjaldi þessu. **10. sept.**

Vörugjald skal reiknast eftir máli vörunnar eða þyngd með umbúðum. Brot úr gjaldeiningu telst sem heil gjaldeining.

Gjaldið skal ákveðið eftir farmskrá skipa, þegar um slík skjöl er að ræða, og er öllum skipaafgreiðslum skylt að láta hafnarnefnd í té afrit af öllum farmskrám yfir vörur, sem skipað er upp eða út á hafnarsvæðinu, innan tveggja sólarhringa eftir komu eða burtför skipanna.

Afgreiðslumaður skipa skal standa hafnarnefnd skil á vörugjaldi af þeim vörum, sem hann afgreiðir eða tekur á móti. Enn fremur sjái afgreiðslumaður um hafnargjöld skipa, sem koma að bryggju, samkv. 15. gr.

Kaupendur að nýjum fiski, af bátum, sem fara um vikina, skulu standa hafnarnefnd skil á vörugjaldinu.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um hafnargerðir og lendingarbætur, nr. 29 23. apríl 1946, til að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 71 16. maí 1944, um breyting á hafnarreglugerð fyrir Krossvíkurhöfn í Neshreppi utan Ennis, nr. 161 25. sept. 1942 og 2. gr. reglugerðar nr. 135 17. okt. 1946, um breyting á sömu reglugerð.

Samgöngumálaráðuneytið, 10. september 1959.

Emil Jónsson.

Brynjólfur Ingólfsson.

REGLUGERÐ

um breytingu á hafnarreglugerð fyrir Grundarfjörð, nr. 60 5. maí 1944.

118

10. sept.

1. gr.

Fyrirsögn VII. kafla reglugerðarinnar orðist þannig:
Lestagjald, bryggjugjald og ljósagjald.

2. gr.

30. gr. reglugerðarinnar orðist þannig:
Lestagjald.

Öll skip, sem koma til Grundarfjarðarhafnar og hafa samband við land, skulu greiða lestagjald, sem hér segir:

- A. Skip og bátar, sem eru eign manna búsettra í Grundarfirði, og ekki stunda fiskveiðar, greiði hafnargjald einu sinni á ári, kr. 5.00 af hverri nettó rúmlest, þó ekki minna en kr. 50.00.
- B. Innlend fiskiskip og strandferðaskip, sem eru í innanlandssiglingum, greiði kr. 0.40 af hverri nettó rúmlest í hvert skipti, sem þau koma til hafnarinnar, en þó ekki meira en kr. 5.00 á ári fyrir hverja rúmlest.
- C. Öll önnur skip, sem til hafnarinnar koma, skulu greiða kr. 0.50 af hverri nettó rúmlest, í hvert skipti, sem þau koma til hafnarinnar.

118

10. sept.

3. gr.

31. gr. reglugerðarinnar orðist þannig:

Bryggjugjald:

Hvert skip, sem leggst við bryggju, eða við skip, sem við hana liggur, skal greiða bryggjugjald af nettó stærð skipsins. Gjaldið er reiknað fyrir hverjar 24 klukkustundir eða minna.

- A. Af innlendum fiskiskipum og strandferðaskipum í innanlandssiglingum, kr. 0.20 af hverri nettó rúmlest.
- B. Öll önnur skip greiði kr. 0.30 af nettó rúmlest.
- C. Fyrir önnur afnot af bryggjum, mannvirkjum eða lóðum hafnarinnar, fer eftir samningum við hreppsnefnd í hvert skipti.

4. gr.

32. gr. reglugerðarinnar orðist þannig:

Ljósagjald.

Öll skip, sem koma til hafnarinnar á tímabilinu 1. ágúst til 15. maí og greiða bryggjugjald, skulu greiða ljósagjald þannig:

- A. Bátar frá Grundarfirði greiði einu sinni á ári kr. 30.00.
- B. Öll önnur skip greiði kr. 0.10 af hverri nettó rúmlest skipsins.

5. gr.

37. gr. reglugerðarinnar orðist þannig:

Vörugjaldskrá.

1. flokkur. Gjald kr. 2.00 hver 100 kg:
Kol, salt, sement, áburður, fóðurvörur, óverkaður saltfiskur, fryst sild.
2. flokkur. Gjald kr. 2.50 hver 100 kg:
Verkaður saltfiskur, frystur fiskur, fiskimjöl, lýsi, veiðarfæri og efni í þau, fiskumbúðir, kaðlar og aðrar útgerðarvörur.
3. flokkur. Gjald kr. 2.80 hver 100 kg:
Kornvara, sykur, garðávextir, og önnur sekkjavara, ótalin annars staðar.
4. flokkur. Gjald kr. 3.00 hver 100 kg:
Vikursteinn, vikurplötur, þilplötur til bygginga, vatnsrör og miðstöðvarrör, steypujárn, þakjárn, efni til múrhúðunar, og annað efni til bygginga, ótalið annars staðar. Oliur, benzín, smurolíur.
Kjöt, gærur, húðir, ull, mör og aðrar landbúnaðarvörur, ótaldar annars staðar.
5. flokkur. Gjald kr. 4.00 hver 100 kg:
Vélar alls konar og vélahlutir, gler, miðstöðvar, saumur, gólfdukur og annað linoleum, málningarvörur, smjör, smjörliki, sápur, þvottaefni og aðrar hreinlætisvörur.
6. flokkur. Gjald kr. 5.00 hver 100 kg:
Kaffi, kaffibætir, kex og aðrar brauðvörur, ávextir nýir, þurrkaðir og niðursoðnir, kakaó, leirvörur og búsaðhöld alls konar, pappírsvörur, og allar aðrar vörur, sem flutningsgjald er reiknað af eftir þyngd, en ekki geta fallið undir aðra vöruflokka.
7. flokkur. Gjald kr. 1.00 hver 10 kg:
Vefnaðarvara, fatnaður, skófatnaður, tóbak, sælgæti, öl og gosdrykkir, og aðrar munaðarvörur, sem ekki eru taldar annars staðar.
8. flokkur. Gjald kr. 10.00 fyrir hvert stykki:
Eldavélar, þvottavélar, ísskápar, baðker.

9. flokkur. Gjald kr. 3.00 fyrir hverja tunnu af saltsild, gotu og öðrum sjávar-afurðum, kjöti og öðrum landbúnaðarafurðum. **118**
10. flokkur. Gjald kr. 1.00 fyrir hverja tóma tunnu. 10. sept.
11. flokkur. Gjald kr. 0.60 fyrir hvert teningsfet af trjáviði og alls konar timburvörum, svo og öll önnur vara, sem reiknuð er eftir rúmmáli í flutningi, þar með talin húsgögn, einangrunarplötur og því um líkt.
12. flokkur. Gjald kr. 5.00 fyrir hverja kind, og kr. 10.00 fyrir stórgrip.
13. flokkur. Gjald 1½% af andvirði alls afla, sem lagður er á land í Grundarfirði.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um hafnargerðir og lendingarbætur, nr. 29 23. apríl 1946, til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreynti öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 5 7. jan. 1954, um breyting á hafnarreglugerð fyrir Grundarfjörð, nr. 60 5. maí 1944.

Samgöngumálaráðuneytið, 10. september 1959.

Emil Jónsson.

Brynjólfur Ingólfsson.

HAFNARREGLUGERÐ

119

fyrir Bolungavík.

10. sept.

I. KAFLI

Takmörk hafnarinnar.

1. gr.

Takmörk hafnarinnar eru bein lína, er hugsast dregin úr Ófærुकletti (innst á Stigahlíð) í Hólatá og ströndin innan þeirrar línu.

II. KAFLI

Stjórn hafnarinnar.

2. gr.

Hreppsnefnd Hólshrepps hefur á hendi stjórn hafnarmálanna undir yfirumsjón samgöngumálaráðuneytisins. Hún kys úr sínum hóp, eftir hverjar hreppsnefndarkosningar, þriggja manna hafnarnefnd og er kjörtími heunar sami og hreppsnefndarinnar.

3. gr.

Hafnarnefnd hefur á hendi framkvæmd hafnarmálanna og eftirlit með höfninni, sér um viðhald og endurbætur hafnarinnar og annað þar að lútandi. Hún ræður hafnarstjóra og ákveður laun hans og setur honum erindisbréf, undir yfirstjórn hreppsnefndarinnar.

4. gr.

Hafnarstjóri annast allar daglegar framkvæmdir í samráði við hafnarnefnd. Hann hefur á hendi fjárhald og reikningsskil hafnarinnar í umboði hreppsnefndar og skulu ársreikningar hafnarinnar fylgja hreppsreikningi Hólshrepps og endurskoðast með honum.

III. KAFLI

Um almenna reglu.

5. gr.

Hafnarstjóri sér um, að gætt sé reglu í höfninni og við hana. Er öllum skylt að hlýða boði hans og hanni og enn fremur þeirra starfsmanna, er settir kunna að verða til þess að gæta reglu. Þyki einhverjum sér óréttur ger af starfsmönnum hafnarinnar, getur hann kært það fyrir hafnarstjóra, en skipun starfsmanna ber að að hlýða þegar í stað.

6. gr.

Skyllt er að gæta allrar varúðar í meðferð elds og ljóss við höfnina og á henni. Einnig skal gæta fyllsta öryggis og varúðar við alla meðferð eldfimra og annarra hættulegra vara. Tóbaksreykingar eru bannaðar þar sem unnið er við þessa vöru.

Telji hafnarstjóri, að hætta geti stafað af eða nægilegs öryggis ekki gætt við fermingu eldfimra og hættulegra vara, getur hann stöðvað verkið unz úr hefur verið bætt.

7. gr.

Öll skot á höfninni og við hana eru stranglega bönnuð. Þó getur hafnarnefnd veitt undanþágu til þess að skjóta seli eða hvali eða ef lóga þarf grip fljótlega.

8. gr.

Ekki má kasta kjölfestu, ösku, fiskúrgangi né neinu öðru, er valdið geti skemmdum á höfninni, innan hafnarbryggjunnar (brimbrjótsins), hvorki frá skipinu eða úr landi. Hafnarstjóri segir til um, hvort kasta megi kjölfestu og öðru slíku innan takmarka hafnarinnar.

9. gr.

Óheimilt er að láta fiskúrgang og annað, er óþrifum veldur, liggja á hafnarbryggjunni. Ekki má heldur safna neinu slíku í ílát eða á annan hátt til geymslu þar. Sé þessa ekki gætt, skal hafnarstjóri sjá um, að allt þess konar sé tafarlaust flutt burt á kostnað eiganda, og er það ásamt ílátum jafnframt upptækt og eign hafnarinnar. Kostnaðinn má taka með lögtaki.

10. gr.

Ekki má gera bryggjur eða önnur mannvirki við höfnina, nema með leyfi hafnarnefndar.

IV. KAFLI

Um afnot af höfninni og hafnarbryggjunni.

11. gr.

Skip, sem ekki er verið að afgreiða, mega ekki leggjast svo á höfninni að tálmi afgreiðslu annarra skipa og aldrei mega skip liggja svo nærri hafnarbryggjunni, að eigi sé nægilegt rúm fyrir önnur skip til að komast að henni og frá.

Skyllt er formanni eða skipstjóra eða umboðsmanni hans að flytja skip sitt og strengi þess þegar í stað til á höfninni eða við hafnarbryggjuna, ef hafnarstjóri eða umboðsmaður hans skipar svo fyrir. Sé þessu ekki sinnt, getur hafnarstjóri látið gera það á kostnað og ábyrgð umráðamanns skipsins. Kostnaðinn má taka lögtaki.

12. gr.

Venjulega skal skipum heimilt að leggja að hafnarbryggjunni í þeirri röð, sem þau koma. Þó skulu skip, sem sigla eftir fyrir fram auglýstri áætlun ganga fyrir öðrum skipum. Sé fermingu eða affermingu skips eigi haldið áfram með hæfilegum